

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 6. október 2023

Mál nr. E-5485/2022:

**A**

(Sjálfur)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Jónas Birgir Jónasson lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 24. nóvember 2022, var dómtekið 26. september 2023. Stefnandi er A, [...], en stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að afturköllun B 17. september 2020 á ráðningu stefnanda í starf [...] hafi verið ólögmat. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda auk greiðslu málskostnaðar.

### II

Ágreiningur máls þessa lýtur að þeirri ákvörðun B 17. september 2020 að hverfa frá tímabundinni ráðningu stefnanda í starf [...] frá og með 1. október s.á. til 31. desember s.á.

Atvik málsins eru í öllum aðalatriðum óumdeild. Haustið 2019 var stefnandi ráðinn tímabundið í 25% starfshlutfall sem [...]. Ráðningartímabilið var frá 1. september 2019 til 31. maí 2020 og var ráðningin framlengd með nýjum samningi til 30. september sama ár. Til stóð að framlengja ráðningarsamninginn tímabundið út árið 2020 og var stefnanda tilkynnt þar um, fyrst með tölvubréfi frá skrifstofustjóra B 9. september 2020 og aftur sama dag með tölvuskeyti mannauðs- og gæðastjóra B, þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að framlengja samninginn um 25% starfshlutfall fram til áramóta, eins og áður hefði verið nefnt að væri til skoðunar ef áhugi væri á því af hálfu stefnanda. Einnig kom þar fram að ráðningarsamningur væri tilbúinn og yrði sendur stefnanda til rafrænnar undirritunar. Sama dag var stefnanda síðan tilkynnt um að

ráðningarsamningurinn hefði verið sendur honum til rafrænnar undirritunar. Svaraði stefnandi fyrrgreindu tölvuskeyti skrifstofustjórans, með orðunum „Takk fyrir þetta, gott að heyra.“

B sendi stefnanda tvisvar tilkynningu um að honum hefði verið sendur ráðningarsamningur til rafrænnar undirritunar, þ.e. 15. og 16. september 2020. Þá var stefnanda einnig tilkynnt með tölvuskeyti að undirritun á ráðningarsamningnum biði hans en þar sagði svo:

Þín biður alltaf undirritun á ráðningarsamningi. Hefur þú ekki verið að fá ítrekunina eða ertu í vandræðum með að skrifa undir?

Í svari stefnanda 17. september 2020 sagði svo:

Ég er ekki jafn mikið að vakta þennan tölvupóst núna eins og venjulega, enda með lausan samning í september eins og þú veist. Ég vil fyrst vita hvernig ég er flokkaður samkvæmt starfsmati, þ.e. samkvæmt starfaflokki og mati á persónulegum þáttum burtséð frá áhrifum bókkunar 4 í samkomulaginu frá því í febrúar, en þetta á að liggja fyrir sbr. 7. gr. í stofnanasamningi. Ég kys að fá svör við þessu skriflega.

Sama dag barst stefnanda svar frá mannauðsstjóra B þar sem honum var tilkynnt um að ákveðið hefði verið að gera breytingar á starfsmannamálum B. Ákveðið hefði verið að fela verkefnið öðrum starfsmanni í fullu starfi og að hverfa frá því að framlengja tímabundna ráðningu stefnanda í 25% starfshlutfall. Þá sagði að ákvörðunina hefði borið brátt að og væri breyting frá því sem áður hefði verið búið að upplýsa stefnanda um „en við heildstæða yfirferð á verkefnum og starfsmannapörf sem var farið í, í dag, þá varð þetta niðurstaða“.

Með tölvuskeyti stefnanda 18. september 2020 mótmælti stefnandi ákvörðun B um að hverfa frá ráðningu hans. Tók stefnandi fram að ekki stæðu lög til að draga samninginn til baka með þeim hætti sem gert var. Hann hefði ekki gefið annað til kynna í samskiptum sínum við B en að ganga að samningnum og því væri hann bindandi fyrir B. Þá lýsti stefnandi því yfir að hann samþykkti samninginn sem honum hefði verið kynntur en ekki væri mögulegt að undirrita hann þar sem búið væri að fjarlægja hann úr rafrænu gáttinni. Í síðari samskiptum B við stefnanda kom fram að B teldi samninginn ekki bindandi fyrr en hann hefði verið undirritaður af báðum aðilum, en fram að undirritun gætu báðir aðilar hætt við.

### III

#### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að ákvörðun um afturköllun áframhaldandi ráðningar í starf [...] hafi verið ólögæt. Um hafi verið að ræða ólögæta afturköllun bindandi stjórnvaldsákvörðunar, brot gegn óskráðri reglu stjórnsýsluréttar um réttmætar væntingar og brot gegn almennum reglum vinnuréttar og samningaréttar um stofnun ráðningarsamninga.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að tekin hafi verið bindandi stjórnvaldsákvörðun um áframhaldandi ráðningu hans sem óheimilt hafi verið að afturkalla með þeim hætti sem gert var. Með tilkynningu skrifstofustjóra skrifstofu [...] í B, dags. 9. september 2020, hafi stefnanda verið birt bindandi stjórnvaldsákvörðun um áframhaldandi ráðningu í 25% starfshlutfall sem [...]. Birting ákvörðunarinnar hafi jafnframt falist í því að nýr ráðningartími var færður inn í vinnuskráningarkerfi [...], Vinnustund. Sú ákvörðun hafi svo hlotið frekari staðfestingu skrifstofustjórans sama dag, með tilkynningu til formanns [...] um að ráðning stefnanda hefði verið framlengd og með rafrænni undirritun [...] B á rafrænan ráðningarsamning sem beið undirritunar stefnanda. Ákvörðunin hafi lotið að ráðningu í starf og afturköllun hennar hafi þegar af þeirri ástæðu verið íþyngjandi fyrir stefnanda auk þess sem hún hafi ekki verið haldin neinum þeim annmarka sem leitt geti til ógildingar.

Afturköllun B á áframhaldandi ráðningu stefnanda hafi því falið í sér ólögæta afturköllun á bindandi stjórnvaldsákvörðun.

Stefnandi byggir í öðru lagi á því að óheimilt hafi verið að afturkalla ráðningu hans þar sem stefnandi hafi haft réttmætar væntingar til að halda áfram í starfi sem [...].

Stefnandi hafi verið í starfssambandi við B frá því skömmu eftir áramótin 2019 þegar hann tók að sér verkefni í tímavinnu fyrir B. Stefnandi hafi síðan ráðið sig í tímabundið starf sumarið 2019 og veturinn 2019–2020 sem framlengt hafi verið var fram til 30. september 2020. Þegar ráðning stefnanda hafi í framangreindum tilvikum verið framlengd hafi atvik verið með sambærilegum hætti og í því tilviki sem hér er til umfjöllunar, þ.e. stefnandi hafi lýst yfir áhuga á áframhaldandi starfi, yfirmaður hafi tilkynnt stefnanda um að ákvörðun hefði verið tekin um framhald og svo hafi fljótlega verið undirritaður nýr ráðningarsamningur.

Þegar stefnanda hafi verið kynnt með tölvupósti skrifstofustjóra B 9. september 2020 ákvörðun um framhald ráðningar, og ráðningartímabili hafi verið breytt til samræmis í

vinnuskráningarkerfi [...], hafi atvik hlutlægt séð og með hliðsjón af ítrekaðri fyrri framkvæmd stefnanda mátt treysta því að ráðningunni yrði fram haldið. Staðfesting skrifstofustjórans í framhaldinu og undirritun [...] á rafrænan ráðningarsamning hafi svo með skýrum hætti staðfest réttmæti væntinga stefnanda. Sú staðreynd að ráðningarsamband við stefnanda hafði ítrekað verið framlengt með sambærilegum hætti hafi gefið stefnanda ríka ástæðu til að treysta því að um bindandi ákvörðun væri að ræða. Ákvörðunin hafi lotið að framlengingu ráðningar í opinbert starf og því hafi réttmætar væntingar stefnanda notið mikillar verndar. Auk þess hafi það verulegt vægi að rúm vika hafi liðið frá því að stefnanda var birt ákvörðunin og þangað til hún var afturkölluð. Á þessum rúma tíma hafi stefnandi byggt ákvarðanir á þeirri vissu að hann myndi gegna viðkomandi starfi.

Samantekið hafi stefnandi haft réttmætar væntingar til áframhaldandi starfs fyrir [...] á grundvelli birtrar ákvörðunar B. Stefnandi hafi enga ástæðu haft til annars en að telja þá ákvörðun bindandi og hafi réttmætar væntingar stefnanda notið ríkrar verndar þar sem um opinbera ráðningu var að ræða svo og vegna hins rúma tíma sem leið milli birtingar ákvörðunarinnar og afturköllunar. Stjórnvaldsákvörðun B um afturköllun ráðningar hafi því brotið gegn meginreglu stjórnsýsluréttar um réttmætar væntingar og hafi af þeim sökum verið ólögmæt.

Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að stofnast hafi til skuldbindandi ráðningarsamnings milli stefnanda og stefnda sem stefnda hafi borið að efna. Tölvupóstur skrifstofustjóra [...], dags. 9. september 2020, þar sem stefnanda var kynnt að tekin hefði verið ákvörðun um að framlengja ráðningu stefnanda til áramóta hafi falið í sér loforð í formi skuldbindandi tilboðs. Það loforð hafi svo verið ítrekað með tölvupósti skrifstofustjórans sama dag og eftirfarandi rafrænni undirritun [...] B á ráðningarsamninginn.

Þegar loforðið um áframhaldandi starf hafi verið afturkallað með tölvupósti skrifstofustjórans, dags. 17. september 2020, hafði stefnanda verið kunnugt um loforðið í rúma viku. Afturköllunin hafi því verið ákvöð of seint fram komin og hafi ekki skuldbindingargildi fyrir stefnanda. Þar sem ráðningarsamningurinn hafi verið fjarlægður úr rafrænni gátt hafi stefnanda ekki lengur verið fært að samþykka samninginn með rafrænni undirskrift. Stefnandi hafi lýst yfir samþykki sínu með tölvupósti sem sendur var samtímis næsta yfirmanni, D. Með framangreindu samþykki hafi verið kominn á gildur samningur um áframhaldandi ráðningu stefnanda út árið 2020.

## 2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda að tekin hafi verið bindandi stjórnvaldsákvörðun um ráðningu hans sem óheimilt hafi verið að afturkalla. Aðstæður í starfsemi B hafi breyst og því hafi þurft að hverfa frá ráðningu stefnanda. Þá mótmælir stefndi því að hann geti einhliða tekið bindandi stjórnvaldsákvörðanir um ráðningu starfsmanna án þess að samningur milli aðila komist á um slíkt. Við mat á því hvort nýr ráðningarsamningur hafi komist á verði, þrátt fyrir að stefndi sé opinber aðili, m.a. að byggja á almennum réttarreglum samninga- og vinnuréttar og samþykki starfsmanns sé nauðsynlegt svo samningur geti talist kominn á.

Stefndi vísar til 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um að ráðningarsamningar skuli vera skriflegir en óumdeilt sé að ekki hafi verið undirritaður skriflegur ráðningarsamningur á milli aðila. Stefndi byggir á því að heimilt hafi verið að hætta við ráðningu stefnanda þar sem ekki hafi verið gengið frá ráðningarsamningi og endurnýjuðu ráðningarsambandi hafi ekki verið komið á, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 70/1996. Þá hafi málefnaleg og réttmæt sjónarmið búið að baki afturköllun umrædds tilboðs um starf.

Stefndi mótmælir því að óheimilt hafi verið að breyta ákvörðun um að bjóða stefnanda starf á grundvelli meginreglu stjórnsluréttar um réttmætar væntingar enda sé sú málsástæða ekki rökstudd með nægilegum hætti af hálfu stefnanda.

Stefndi mótmælir jafnframt þeirri málsástæðu stefnanda að stofnast hafi til skuldbindandi ráðningarsambands á milli aðila. Stefndi bauð stefnanda vissulega tímabundið starf og sendi honum starfstilboð. Stefndi dró hins vegar að samþykkja tilboðið, sem honum hefði þó verið í lófa lagið að gera hefði hann ætlað sér að fallast á tilboðið óbreytt, og gerði það ekki fyrr en með tölvupósti til stefnda eftir að tilboðið hafði verið afturkallað.

Þá sýndi stefnandi af sér tómlæti í samskiptum sínum við B og brást ekki við innan eðlilegs tímafrests þegar honum var sendur ráðningarsamningur.

Við mat á því hvort nýr ráðningarsamningur hafi komist á verði m.a. að byggja á almennum réttarreglum samninga- og vinnuréttar. Stefndi byggir á því að samkvæmt almennum réttarreglum og meginreglum samningaréttar og lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa komist samningur ekki á fyrr en tilboð hafi verið samþykkt.

Jafnframt byggir stefndi á því að óumdeilt sé að ekki hafi verið gengið frá ráðningarsamningi og endurnýjuðu ráðningarsambandi hafi ekki verið komið á með undirrituðum skriflegum ráðningarsamningi eins og lög gera ráð fyrir, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 70/1996 og reglur fjármála- og efnahagsráðuneytisins nr. 351/1996 um form ráðningarsamninga og um skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör.

Þá byggir stefndi á þeirri lagaskyldu forstöðumanns stefnda að nýta fjármuni á árangursríkan hátt, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög nr. 123/2015 um opinber fjármál. Eftir yfirferð stefnda yfir verkefnastöðu, starfsmannabörf og rekstrarstöðu hafi verið ljóst að hefði stefndi ekki horfið frá ráðningu stefnanda þegar það var gert hefði þurft að segja tímabundnum samningi hans upp með eins mánaðar fyrirvara, sem var að mati stefnda síðri niðurstaða. Þá felist það í stjórnunarskyldum og stjórnunarrétti forstöðumanns stefnda að ákveða með hvaða hætti verkefni verði best unnin og verði að játa stefnda ákveðið svigrúm til þess.

#### IV

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort sú ákvörðun B að hverfa frá tímabundinni ráðningu stefnanda í 25% starfshlutfall [...] hafi falið í sér ólögmetta afturköllun stjórnvaldsákvörðunar, brot gegn óskræðri reglu stjórnvöldur um réttmætar væntingar og brot gegn almennum reglum vinnuréttar og samningaréttar um stofnun ráðningarsamninga.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og telur að ekki hafi verið tekin bindandi stjórnvaldsákvörðun um ráðningu stefnanda.

Málsatvikum er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram.

Mælt er fyrir um gildissvið stjórnvöldur í 1. gr. laganna. Í 1. mgr. 1. gr. segir að lögini taki til stjórnvöldur ríkis og sveitarfélaga. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er gildissviðið þrengt, en þar er mælt svo fyrir að lögini gildi þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldur manna eða svonefndar stjórnvaldsákvörðanir. Það er því ljóst að ekki teljast öll mál sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum stjórnvaldsákvörðanir. Þegar stjórnvöld ræður niðurstöðu máls til lykta með einhliða ákvörðun er það merki um beitingu opinbers valds með stjórnvaldsákvörðun. Ákvörðun stjórnvalds um að ganga til samninga er ekki einhliða ákvörðun og það sama gildir um ákvörðun stjórnvalds um að

þjóða starfsmanni starf, en endanleg ákvörðun byggist á tvíhliða samkomulagi á grundvelli einkaréttarlegra heimilda. Það skal tekið fram að í athugasemdum um 1. gr. frumvarps þess er varð að stjórnarsýslulögum er tekið fram að lögin taki ekki til ákvarðana stjórnvalds sem teljast einkaréttarlegs eðlis.

Með skírskotun til þess er að framan greinir getur sú ákvörðun B að þjóða stefnanda tímabundið þriggja mánaða starf [...] ekki talist vera stjórnvaldsákvörðun í skilningi 1. gr. stjórnarsýslulaga. Ekki var um einhliða ákvörðun B að ræða heldur einfaldlega boð til stefnanda um að ganga til samninga við B. Verður því ekki á það fallist að tekin hafi verið stjórnvaldsákvörðun þar sem stofnað hafi verið til ráðningarsambands milli stefnanda og stefnda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 5. febrúar 2015 í máli nr. 387/2014.

Stefnandi byggir einnig á því að óheimilt hafi verið að falla frá boði um tímabundna ráðningu hans á þeim grundvelli að hún hefði skapað hjá stefnanda réttmætar væntingar um að hann héldi áfram starfi sínu sem [...]. Hafi stefnandi haft ríka ástæðu til að ætla að um bindandi ákvörðun væri að ræða þegar honum var boðið áframhaldandi starf [...], auk þess sem stefnandi hafi byggt ákvarðanir sínar á þeirri vissu að hann myndi gegna áfram starfinu.

Fram er komið að stefnanda var boðið tímabundið starf [...]. Var stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun með tölvubréfi 9. september 2020 frá skrifstofustjóra hjá B. Sama dag tilkynnti mannauðs- og gæðastjóri B stefnanda einnig um ákvörðunina ef stefnandi hefði áhuga á starfinu. Var stefnanda enn fremur tilkynnt sama dag um að ráðningarsamningur hefði verið undirritaður af hálfu B og biði rafrænnar undirritunar stefnanda. Sama dag svaraði stefnandi upphaflegu erindi [...] þar sem sagði: „Takk fyrir þetta, gott að heyra.“ B sendi stefnanda tvívegis til viðbótar tilkynningu um að hans biði ráðningarsamningur tilbúinn til rafrænnar undirritunar, þ.e. 15. og 16. sama mánaðar, auk þess sem mannauðsstjóri B sendi tölvubréf samhliða síðari tilkynningunni um að hans biði tilbúinn ráðningarsamningur til undirritunar.

Í svari stefnanda 17. september sagði svo: „[...] Ég vil fyrst vita hvernig ég er flokkaður samkvæmt starfsmati, þ.e. samkvæmt starfaflokki og mati á persónulegum þáttum burtséð frá áhrifum bóknar 4 í samkomulaginu frá því í febrúar, en þetta á að liggja fyrir sbr. 7. gr. í stofnanasamningi. Einnig vil ég vita hver er ábyrgur fyrir því mati? Ég kys að fá svör við þessu skriflega.“ Síðdegis sama dag barst stefnanda

tilkynning frá mannauðsstjóra um að fallið hefði verið frá ráðningu stefnanda í starfið og ákveðið hefði verið að fela starfsmanni B í fullu starfi verkefnið.

Þegar borgari hefur samskipti við stjórnvöld í tilefni af fyrirhuguðum ráðstöfunum geta yfirlýsingar starfsmanna stjórnsýslunnar leitt til þess að væntingar skapist hjá borgurunum á grundvelli meginreglunnar um réttmætar væntingar. Við mat á því er litið til margvíslegra sjónarmiða, t.d. hvort tjón hafi hlotist af niðurstöðu fyrir aðila máls og þá einkum hvort athafnir eða athafnaleysi eða yfirlýsingar stjórnvalda kunni að hafa orsakað með réttu væntingar hans. Ber aðili máls jafnan sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði séu uppfyllt fyrir því að skapast hafi réttmætar væntingar.

Að virtum gögnum málsins og samskiptum málsaðila sem rakin eru hér að framan verður að mati dómsins lagt til grundvallar að stefnandi hafi ekki verið reiðubúinn að samþykkja ráðningarsamninginn þann 17. september 2020, í því formi sem hann lá þá fyrir, fyrr en að fengnum umbeðnum upplýsingum. Verður í því sambandi að leggja til grundvallar að samningurinn hafi verið óbreyttur frá fyrri ráðningarsamningum aðila.

Verða umrædd andsvör stefnanda því ekki skýrð á annan hátt en að væntingar hans til starfsins hafi ekki verið eins afdráttarlausar og haldið er fram af hans hálfu. Þá liggja hvorki fyrir gögn né upplýsingar af hálfu stefnanda um það með hvaða hætti hann hafi byggt ákvarðanir sínar á þeirri vissu að hann myndi gegna starfinu áfram, en sönnunarbyrðin hvílir á stefnanda hvað það varðar. Er því hafnað málsástæðu stefnanda um að óheimilt hafi verið að falla frá boði um tímabundna ráðningu hans á þeim grundvelli að hún hefði skapað hjá stefnanda réttmætar væntingar.

Kemur þá að lokum til skoðunar málsástæða stefnanda um að stofnast hafi til skuldbindandi samnings milli stefnanda og stefnda sem stefnda hafi borið að efna.

Stefnandi heldur því fram að afturköllun stefnda sé ákvöð sem hafi verið of seint fram komin og hafi því ekki skuldbindingargildi fyrir hann, auk þess sem stefnandi hafi lýst yfir samþykki sínu í tölvupósti til B 18. september 2020 og þar með hafi verið kominn á gildur samningur um áframhaldandi ráðningu stefnanda til ársloka 2020.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram að stefnandi hafi dregið að samþykkja tilboðið sem honum hefði verið í lófa lagið að gera hefði hann haft í hyggju að samþykkja það óbreytt. Það hafi hann ekki gert fyrir en búið var að afturkalla tilboðið. Skriflegur

ráðningarsamningur hafi því ekki komist á eins og lög geri ráð fyrir, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 70/1996.

Í réttarframkvæmd hefur verið litið svo á að við mat á því hvort ráðningarsamningur hafi stofnast, þ. á m. hjá hinu opinbera, gildi almennar reglur samninga- og vinnuréttar, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 22. maí 2003 í máli nr. 510/2002 og 5. febrúar 2015 í máli nr. 387/2014. Í samræmi við það hafa ákvæði laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þýðingu fyrir úrlausn málsins, en eins og einnig er tiltekið í athugasemdum um 40. gr. í frumvarpi að lögnum gilda þau um löggerninga á sviði opinbers réttar eftir því sem við á.

Í 7. gr. laga nr. 7/1936 kemur fram að sé tilboð eða svar við tilboði kallað aftur sé afturköllunin gild ef hún kom til gagnaðilja áður en eða samtímis því að tilboðið eða svarið kom til vitundar hans. Álitafnið er því hvort afturköllunin 17. september 2020 hafi verið lögmæt. Við það mat ber m.a. að líta til þess hvaða þýðingu svar stefnanda til stefnda hinn 17. september 2020 hafi fyrir úrslit málsins.

Þegar búið er að samþykkja tilboð um starf hefur samningur stofnast á milli aðila. Greini aðila á um hvort samningur hafi stofnast ræðst niðurstaðan af almennum sönnunarreglum einkamálaréttarfars um það hvað sannað verður talið í málinu. Verður sá aðili sem staðhæfir að eitthvað hafi gerst að sanna þá staðhæfingu.

Að virtum atvikum málsins, og einkum þeim samskiptum sem fóru á milli málsaðila á tímabilinu 9. september til 17. september 2020, er það niðurstaða dómsins að svar stefnanda 17. september 2020 til stefnda, þar sem hann kveðst fyrst vilja vita hvaða starfskjör hann fái áður en hann skrifi undir gefi til kynna að stefnandi hafi ekki verið reiðubúinn að samþykkja fyrirbyggjandi ráðningarsamning eins og hann lá fyrir nema að fengnum umbeðnum skriflegum upplýsingum. Stefndi var því ekki lengur skuldbundinn við tilboð sitt og var honum því heimilt að afturkalla tilboð sitt til stefnanda um ráðningu í hið tímabundna starf [...], sbr. 5. gr. laga nr. 7/1936. Þá er ljóst að ekki hafði komist á skriflegur skuldbindandi samningur á milli aðila eins og lög gera ráð fyrir, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 70/1996, þegar B tók ákvörðun um að hverfa frá ráðningunni þann 17. september 2020.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Stefnandi, A, flutti mál sitt sjálfur.

Jónas Birgir Jónasson lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, A

Málkostnaður fellur niður.

Ragnheiður Snorradóttir